

Fimmti fundur starfsársins var haldinn í Nesi í Reykholtssdal 29. -30. maí 2019

Samveran hófst um kl. 18 þegar deildarsystur komu sér fyrir í Nesi þar sem við áttum dásamlegan sólarhring saman í faðmi sveitarinnar og með samstillingu og gleði náðist að fylla hverja stund með því, sem við viljum rækta með okkur, vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Áður en sest var að snæðingi las Guðlaugur ljósmyndari Óskarsson úr nýrri ljóð-myndabók, sem hann var að gefa út og sýndi myndir með. Lystilegur kvöldmatur var borinn fram af Þórunni með aðstoð Dagnýjar, kjúklingasalat með alls konar meðlæti, og kaffi og konfekt á eftir. Sérstök sveit í uppvaskinu sá til þess að allt varð fínt eftir kvöldverðinn. Nýr félagi, Ruth Jörgensdóttir var tekin inn í deildina og var inntökuathöfnin mjög hátíðleg. Eftir matinn sagði Soffía svo ljómandi skemmtilega frá móður sinni, Sigríði Kjaran og sýndi myndir af ýmsum verkum hennar. Deltasystur voru agndofa að heyra af þessari merkiskonu, sem aldrei féll verk úr hendi á stóru heimili, stundaði nám í listum á Íslandi og Spáni. Hún var mjög fjölhæfur og skapandi listamaður sem skildi eftir sig mörg falleg og merkileg verk. Ráðgert hafði verið að hver og ein segði frá móður sinni og að við sýndum einhvern hlut, sem minnti okkur á hana en ákveðið var að geyma það til næsta vetrar. Fyrir svefninn var svo dásamleg dansstund með Gullu sem hristi vel upp í hópnum eins og henni einni er lagið. Síðan var gengið til náða í svo góðum herbergjum og góðri aðstöðu. Ekki var gengið til laugar um kvöldið eins og áætlað var þar sem veðrið var heldur kuldalegt og dagurinn orðinn langur.

Um morguninn páðum við morgunverð af ferðapjónustubóndanum, Bjarna Guðráðssyni í Nesi. Hann hafði heyrt orð Soffíu um móður hennar og langaði til að deila með okkur fallegum minningum um móður sína og ömmu sem hann og gerði. Eftir morgunmat var hreyfistund úti á palli með Gullu sem engin var svikin af og Deltasystur ákveðnar í að æfa og æfa sporin allt næsta sumar og að setja kennslu í þeim á síðuna okkar. Þá var komið að Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur fyrrverandi skólastjóra sem fræddi okkur um jákvæða sálfræði sem hún hefur numið við H.Í. og hvernig hún hefði nýst sér í leik og starfi. Frábær hugvekja í morgunsárið.

Að fyrirlestri loknum hófust eiginleg fundarstörf, kveikt var á kertum, ritari las fundargerðir frá fundum í desember, janúar og mars og þær bornar upp og samþykktar.

Því næst fékk Jóna Benediktsdóttir forseti orðið. Hún hafði lagt leið sína til okkar alla leið frá Ísafirði og ávarpaði hópinn með mjög skemmtilegu og hvetjandi erindi. Hún sagði okkur frá bakgrunni sínum og fjölskylduhögum í hópi fjögurra systkina, líflegri umræðu um stjórnsmál á æskuheimilinu og þátttöku sinni í samtökunum DKG. Hún ræddi um hlutverk DKG og sagði frá ýmsum glettnum atvikum í starfi sínu á þeim vettvangi. Hún hvatti konur til að taka þátt í alþjóðanefndum og fundum á vegum samtakanna og að vera óhræddar við sækja um styrki í sjóði alþjóðasamtakanna ef þær sæju að þeir hentuðu áætlunum þeirra og viðfangsefnum.

Ávarp Jónu leiddi okkur inn í umræðu um alþjóðaráðstefnu samtakanna, sem haldin verður á Hótel Natura 25. - 27. júlí n.k.. Konur voru hvattar til að skrá sig og farið var yfir skráninguna með hjálp tölvu og skjávarpa.

Að því loknu gaf formaður Sigrúnu Jóhannesdóttur orðið. Hún sagði frá störfum fjölmiðla- og kynningarnefndar sem hún á sæti í. Sigrún mælti með því að konur gæfu kost á sér til starfa í nefndarstörfum, bæði innlendum og alþjóðlegum.

Ásta ræddi um starf skráningar- og gestgjafanefndar. Sagði að mikið væri um "Skypefundi" til að hagræðingar og hvatti konur til að taka virkan þátt í störfum á sumarþinginu.

Jónína ræddi um gestgjafahlutverkið og sagði að deildin hefði verið beðin um að útvega vettlinga í happdrættisvinning á þinginu.

Þá var rætt um heimasíðuna og Evrópuráðstefnuna og Sóley gjaldkeri ræddi um nýja innheimtuaðferð og breytingar á gjalddaga árgjalds til samtakanna sem nú er greitt fyrirfram.

Að lokum var falleg þakkarstund að hætti formanns sem talaði um hvað vorfundir væru skemmtilegir og gefandi og afhenti fallegar rósir sem þakklætisvott fyrir ýmislegt sem hún tilgreindi við afhendingu.

Hún þakkaði Jónu forseta fyrir komuna og sagði það væri ómetanlegt að fá hana á fund og að heimsóknin styrkti og elfdi deildarstarfið. Hún þakkaði Soffíu fyrir innleggið um móður sína, Þórunni fyrir matseldina og Dagnýju fyrir aðstoðina við að bera fram, Sjöfn fyrir að velja lög eftir inntökuna, Theodóru í tilefni af sæti hennar í stjórn landssambandsins og mætingardrottningunum, Soffíu, Ástu og Þrúði.

Að fundi loknum var borin fram humarsúpa og kaffisopi. Það gerði Þórunn og henni til aðstoðar áfram Dagný og ferskar konur tóku að sér uppvask og frágang.

Kveðjustundin rann upp um kl. 13:30 og Deltasystur hurfu glaðar á braut, hlaðnar góðum minningum, staðráðnar í að æfa danssporin góðu og að njóta sumarsins.